

Nd.

237. Nefndarálit

um frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en hefir þó gert við það nokkrar breytingar. Taldi hún rétt, að fyrirhleðslur þær og aðgerðir, sem gera verður til varnar, vegna aðgerða hins opinbera við að veita vötnunum, skuli kostaðar í sömu hlutföllum og varnir fyrir innan Hlíðarenda. Einn nefndarmanna (SvbH) telur hinsvegar, að allar fyrirhleðslur, sem gerðar eru annaðhvort til að veita vötnum saman eða verjast vegna þess, beri að skoða sem beinan lið í samgöngubótunum og kostnaðurinn því að greiðast á sama hátt og við þær. Áskilur hann sér rétt til að bera sér fram breytingartillögu um það.

Nefndin leggur áherzlu á afgreiðslu þessa máls nú, þar sem þegar er hafinn undirbúningur um allverulegar framkvæmdir verksins á sumri komanda. Ræður hún því deildinni til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. tölul. 2. Í stað orðanna „norðan við“ komi: nálægt.
2. Við 2. gr. Aftan við 4. málsg. bætist: Ennfremur í sömu hlutföllum þær varnir, sem annarsstaðar verða nauðsynlegar vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum, svo og endurbætur á Seljalandsgarðinum, sem nauðsynlegar þykja í sambandi við brúargerð á Markarfljóti.
3. Við 3. gr. 2. málsg. Í stað orðanna „skemmdir ... fyrirhleðslunum“ komi auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslanna.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og rikissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

Alþingi, 17. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, Sveinbjörn Högnason, Jón A. Jónsson.
form. frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson. Bergur Jónsson,
fundaskr.